

Orkustofnun
b.t. Kristjáns Geirssonar
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 12. apríl 2022
Málsnúmer: 202203-0039
SS

Efni: Umsögn um umsókn Orkubús Vestfjarða um rannsóknarleyfi vegna áforma um virkjun í Vatnsfirði í Vesturbyggð

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 18. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Orkubús Vestfjarða sem sækir um rannsóknarleyfi til 8 ára á grundvelli III. kafla laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, auðlindalaga, og 40. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, til að kanna rennsli og vatnsbúskap, ásamt umhverfisrannsóknum, á tilgreindu svæði í Vatnsfirði og Kjálkafirði og heiðum þar fyrir norðan.

Eins og fram kemur í umsókn Orkubús Vestfjarða þá hefur stofnun Þjóðgarðs í Vatnsfirði verið í undirbúningi sem ná á yfir það svæði sem tilheyrir friðlandi í Vatnsfirði sem og stærra svæði til vesturs og norðurs. Tillaga að friðlýsingarskilmálum var auglýst í mars 2021 og veitti Náttúrufræðistofnun m.a. umsögn um tillöguna þann 27. maí 2021. Ekki varð af áætlaðri stofnun þjóðgarðsins 17. júní 2021 eins og upphaflega var stefnt að.

Orkubú Vestfjarða hefur áhuga á að reisa vatnsaflsvirkjun/virkjanir á suðvestanverðu Glámuhálendinu og hafa ýmsir virkjunarkostir verið rýndir undir mismunandi nöfnum t.d. Vatnsfjarðarvirkjun, Glámuvirkjun, Helluvirkjun o.fl. Í þessari umsókn stillir Orkubúið upp valkosti grunnvirkjunar sem er minnsta útgáfa af virkjun í Vatnsfirði sem nýtir afrennsli vatnasviðs Hólmavatns og Flókavatns og er fallið virkjað niður í Vatnsdal. Þessi grunnvirkjun myndi hækka vatnsborð Flókavatns um 4 metra en Hólmavatn yrði að miðlunarlóni og þrefaldast að stærð. Þá er stillt upp tveimur stækkunarmöguleikum, annars vegar með tengingu við Kjálkavatn og myndi vatnsborð þess hækka um 7 metra, og hins vegar með tengingu við Öskjuvatn úr vestri. Að lokum er stillt upp sjálfstæðri virkjun vatnasviðs Öskjuvatns og kallast sú virkjun Hnúkavirkjun. Myndi yfirborð Öskjuvatns hækka um 2 metra.

Orkubúið óskar eftir rannsóknarleyfi til að kanna forsendur fyrir alla þessa virkjunarkosti og leggur til að rannsóknartímabilið nái til 8 ára og að á fyrri hluta rannsóknartímabilsins fari fram ýmsar vatnamælingar sem ljúki með gerð rennislíkans af virkjunarsvæðinu. Þá verður farið í nýjar umhverfisrannsóknir á svæðinu eins og þörf þykir. Engar verklegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á fyrri hlutanum og engir slóðar lagðir. Gert er ráð fyrir að síðari hluti rannsóknartímabilsins sé háður því að ákvörðun hafi verið tekin um að nýting vatnsafls verði leyfð innan þjóðgarðsins. Á því tímabili er gert ráð fyrir nákvæmari landmælingum og kortagerð af mannvirkjastöðum og jarðfræðirannsóknum á lausum yfirborðslögum og berggrunni m.a. með borun rannsóknarhola. Þessum rannsóknum munu því fylgja verklegar framkvæmdir með tilheyrandi raski. Áætlað er að gerð matsáætlunar fyrir umhverfismat framkvæmdarinnar fari fram á þessum tíma.



Þess ber að geta að Orkubú Vestfjarða er með gilt rannsóknarleyfi innan núverandi friðlands, vestan megin við Vatnsdalsvatn og á vatnasviði Stóragilsár, en sótt er um rannsóknarleyfi á landsvæði þar fyrir norðan, á suðvestanverðu Glámuhálandi. Orkubúið telur mikilvægt að umfang og stærð vatnsorkuauðlindarinnar sé þekkt áður en nágildandi friðlýsingaskilmálar Vatnsfjarðar frá 1975 verða uppfærðir í tengslum við áform um stofnun þjóðgarðs. Orkubúið telur að orkuþörf og aukning afhendingaröryggis raforku á Vestfjörðum sé forsenda fyrir því að nýtingarmöguleikar á svæðinu séu rannsakaðir.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með umsókninni og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Við gerð friðlýsingarskilmála fyrir áformaðan þjóðgarð á Vestfjörðum leitaði Umhverfisstofnun til Náttúrufræðistofnunar Íslands og óskaði eftir mati á verndargildi fyrir svæðið sem til skoðunar var. Náttúrufræðistofnun skilaði þessu mati til Umhverfisstofnunar samhliða umsögn um friðlýsingaráformin þann 11. febrúar 2021. Matið byggðist á núverandi þekkingu og tiltækum gögnum en fram kom að styrkja þyrfti náttúrufræðisráðgjafi á svæðinu. Jafnframt var friðlýsingaráformunum fagnað og bent á að innan svæðisins væru nú þegar friðlýst svæði og náttúruminjar sem og svæði á náttúruminjasrá.

Þótt greining Náttúrufræðistofnunar á verndargildi hafi náð yfir stærra svæði en mögulegt áhrifasvæði virkjana ofan Vatnsfjarðar nær til, má draga það fram úr greinargerð Náttúrufræðistofnunar að verndargildi áhrifasvæðis sé mjög hátt. Þar má nefna eftirfarandi:

- Óbyggð víðerni á Glámu eru umfangsmikil og myndi áformaður þjóðgarður ná yfir hluta þess svæðis sem þau spanna. Óbyggð víðerni hafa hátt verndargildi á heimsvísu og í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er lögð skýr áhersla á verndun þeirra. Á austanverðri Dynjandisheiði er dæmigert heiðalandslag með tjörnum og vötnum sem er lítt snortið.
- Í Lambagili í Vatnsdal er völubergslag (6-7 m þykkt) sem er ekki algeng myndun í míoßen jarðlagastaflanum á Vestfjörðum. Völubergslagið virðist vera staðbundin myndun, líkast til forn árfarvegur eða áreyrar. Í Lambagili er misgengi með færslu jarðlaga um allt að 35 metra.
- Landmótun ísaldarjökulsins er eitt af megineinkennum Vestfjarða. Jökullinn sá um að sverfa og móta berggrunninn í margskonar landslagsform og grafa djúpa firði. Í lok síðustu ísaldar hörfar jökullinn inn til landsins og í kjölfar hans gengur sjór á land vegna hækkandi sjávarborðs. Í strandhjöllum á annesjum og inn í fjörðum Vestfjarða eru víða ummerki þessara fornu fjörumarka í myndunum strandhjalla. Ung fjörumörk finnast í botni Vatnsfjarðar þar sem þau eru í 19 m hæð yfir sjó. Mikil þörf er á frekari rannsóknum á jökulmenjum og kortlagningu jarðgrunns á Vestfjörðum.
- Fossar eru í ofanverðri Vatnsdalsá og falla þeir undir ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka vernd og ber að forðast að raska þeim.

- Verndargildi vistgerða á áhrifasvæði virkjunarinnar er mishátt. Mela- og sandlendisvistgerðir eru ríkjandi og hafa frekar lágt verndargildi en hélumosavist hefur miðlungshátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem ber að vernda. Votlendi finnst á köflum á heiðum norðan Vatnsdals og í töluverðum mæli meðfram Vatnsdalsá. Verndargildi votlendisvistgerða er alla jafna hátt eða mjög hátt. Birkiskógur er mjög útbreiddur í Vatnsdal og hefur mjög hátt verndargildi, enda fellur hann undir 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka vernd auk þess sem skóglendisvistgerðir sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kortlagt eru allar á lista Bernarsamningsins. Birkiskógurinn í Vatnsdal var ein meginforsenda fyrir stofnun Friðlandsins í Vatnsfirði enda fjölbreytt blanda af eldri og yngri skógi og mikilvæg búsvæði fyrir fugla, smádýr, plöntur, sveppi og fleiri lífverur. Þá setur skógurinn mikinn svip á landslag svæðisins og útivistar- og fræðslugildi hans er hátt.
- Vatnsdalsvatn flokkast sem kransþörungavatn skv. vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar sem er vistgerð á lista Bernarsamningsins og hefur meðalhátt verndargildi. Flókavatn, Hólmavatn, Kjálkavatn og Öskjuvatn og smærri vötn á hálendisvæðinu norður af Vatnsfirði flokkast sem gróðurlítill hálendisvötn með frekar lágt verndargildi en setja mikinn svip á landslag svæðisins.
- Vatnsdalsá flokkast telst til áa á eldri berggrunni án votlendisáhrifa sem er straumvatnsvistgerð með lágt verndargildi.
- Mögulegt er að mosa- og fléttutegundir á válista finnast innan áhrifasvæðis en það þyrfti að kanna betur.
- Fuglalíf er blómlegt í Vatnsfirði, m.a. eru straumendur áberandi við Vatnsdalsá og spörfuglar algengir í kjarrlendi Vatnsfjarðar. Við Vatnsfjarðarvatn og utar í Vatnsfirði eru varp- og fæðuöflunarstöðvar margra fuglategunda, m.a. hafarnar.

Ef verður af þeim virkjunaráformum á vatnasviði Vatnsdalsár sem Orkubú Vestfjarða vill undirbúa og rannsaka forsendur fyrir mun verndargildi svæðisins rýrna mikið að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands. Sérstaklega verða áhrifin neikvæð fyrir óbyggð víðerni Glámusvæðisins sem munu raskast töluvert með tilkomu virkjanamannvirkja, þ.m.t. miðlunarlóna, vegagerðar, flutningsmannvirkja o.fl. Rask verður á stöðuvötnum, gróðurlendi og jarðminjum og nær ósnortin landslagsheild svæðisins mun breytast. Áhrif geta orðið á rennsli fossa í Vatnsdalsá og breytingar geta orðið á vatnafari Vatnsdalsár neðar á vatnasviðinu sem og Vatnsdalsvatni. Þau áhrif geta haft afleiðingar fyrir lífríki vatnsins og árinna allt til ósa, þ.m.t. fiska og fugla. Þá er hætta á að innviðir tengdir virkjanastarfsemi geti ógnað birkiskógi, votlendi og jarðminjum í Vatnsdal. Þessi upptalning á mögulegum áhrifum er alls ekki tæmandi.

Eins og fram kemur í umsögn Náttúrufræðistofnunar um friðlýsingarskilmála væntanlegs þjóðgarðs frá 27. maí 2021, telur stofnunin að náttúrufer á svæðinu sé afar fjölbreytt og með hátt verndargildi og að friðlýsingin verði að tryggja heildstæða verndun og ekki skuli spilla gróðurfari, jarðminjum og landslagi. Áform um virkjanir vatnasviðs Vatnsdalsár og vatna á suðvestanverðu Glámuhálendinu fara ekki vel saman við áform og markmið um verndun náttúru svæðisins innan áætlaðs þjóðgarðs. Þá stangast þau á við markmið og skilmála

friðlandsins í Vatnsfirði sem eru nú þegar í gildi. Samkvæmt skilmálunum er bannað að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir að óþörfu og mannvirkjagerð og jarðrask eru háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Áætlaðar rannsóknir Orkubús Vestfjarða á fyrra rannsóknartímabilinu eru vissulega þess eðlis að af þeim mun ekki hljóta mikið rask og gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við að leyfi sé veitt fyrir þeim. Þá er sannarlega þörf á umhverfisrannsóknum á svæðinu, m.a. til að styrkja mat á verndargildi þess. Það sama gildir ekki um áætlaðar rannsóknir á síðara rannsóknartímabilinu sem eru umfangsmeiri og fela í sér rask, svo sem í tengslum við rannsóknarboranir, sem m.a. rýrir verndargildi óbyggðra víðerna. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti ekki að veita fullar rannsóknarheimildir til átta ára tímabils meðan ákvörðun um stofnun þjóðgarðs og innihald friðlýsingarskilmála hans er enn óvissu háð, einkum hvað varðar leyfi fyrir vatnsaflsvirkjunum innan marka þjóðgarðs. Þá þarf að fylgja skilmálum friðlandsins í Vatnsfirði og leita leyfis Umhverfisstofnunar fyrir öllum framkvæmdum sem geta fylgt rannsóknunum.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs
Náttúrufræðistofnun Íslands